

Nr. 005 / 16 Kap VE 4***Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 2363 IMO 8714724
Smíðaður: Danmörku 1988, stál
Stærð: 699,5 brl. 1085 bt.
Mesta lengd: 54 m Skráð lengd: 47,49 m
Breidd: 11 m Dýpt: 6,6 m
Vél: Wartsila 2250 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 16. september 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júlí 2015 var Kap VE 4 á togveiðum á SV miðum. Veður:

Skipverjar voru á þilfari að hífa flottroll inn á tromlu þegar einn þeirra ætlaði að halda opnu auga á stertinum meðan verið var að lása leiðaranum í augað. Kiptist í stertinn svo að þumalfingurinn klemmdist í auganu.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að verklagi hefði verið breytt í þessum tús en eftir slysið hefði því verið breytt til fyrra verklags. Skipstjórinn sagði að verklagi hefði ekki verið breytt;
- að sögn slasaða voru þrír menn við verkið og vakthafandi stýrimaður aldrei verið á flottrolli;
- að fram kom hjá vakthafandi stýrimanni að hann taldi sig vera óvanastan af þeim sem voru á þilfarinu en hann taldi að sterturinn hefði verið eitthvað óklár.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.